



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 133/288
komudagur 24.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2006

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Frumvarpið byggir á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgar sem byggir á sameiginlegum tillögum úr nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla annars vegar um búsetu og þjónustumál aldraðra og hins vegar um fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt yrði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta.

Búsetu og þjónustumál aldraðra

ASÍ telur löngu tímabært að fjármunum úr framkvæmdasjóði aldraðra verði varið eins og lög gera ráð fyrir og fagnar því að frumvarpið gefi fyrirheit um það.

Elli- og örorkulífeyrir

ASÍ gagnrýnir harðlega þá mismunun sem kveðið er á um í 1. málsli. c-liðar 2. mgr. 10. greinar laganna um almannatryggingar. Það er algjörlega í andstöðu við hagsmuni þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum að gerður sé greinarmunur á atvinnutekjum og lífeyrissjóðsgreiðslum hvað varðar tekjutryggingarþátt lífeyris. ASÍ mótmælir því að frítekjumark gildi ekki um greiðslur úr lífeyrissjóðum eins og um atvinnutekjur.

Að öðru leiti telur ASÍ að frumvarpið feli í sér kjarabætur fyrir aldraða og öryrkja en áréttar að móta þarf stefnu um kjör aldraðra og öryrkja og fara í gagngera endurskoðun á velferðarkerfinu með tilliti til almannatrygginga og skatta.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 133/624
komudagur 6.12.2006


EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 6. desember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2006

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál.

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur borist til umsagnar ofan nefnt frumvarp. Frumvarpið er í samræmi við yfirlýsingu sem undirrituð var 19. júlí 2006 af fulltrúum ríkisstjórnar og LEB. Sú yfirlýsing byggðist á þeirri vinnu sem fulltrúar LEB tóku þátt í ásamt fulltrúum stjórnvalda og voru afrakstur málemiðlana sem LEB var afar ósátt við. Í framhaldi af yfirlýsingunni var því lýst yfir að LEB mundi halda áfram að berjast fyrir bættum kjörum eldri borgara. Enda kom í ljós að félagsmenn LEB um land allt voru afar ósáttir með yfirlýsinguna og töldu hana ganga allt of skammt, bæði hvað tímasetningar og fjárupphæðir snertir. Framkvæmdastjórnarfundur LEB samþykkti eftirfarandi tillögur á fundi 13. október 2006 og mun sækja fast eftir stuðningi stjórnámálanna við þær fyrir endanlega afgreiðslu þessa frumvarps.

Tillögur LEB í lífeyris- og kjaramálum eldri borgara.:

1. Hafin verði nú þegar endurskoðun á lífeyrstryggingakafli almannatrygginga, einangrað frá heildarendurskoðun laganna. LEB leggur jafnframt áherslu á að vinna við löggjöfina í heild verði hafin sem fyrst þar sem sérstaklega verði endurskoðaðar reglur um endurgreiðslur bóta frá TR, vegna annarra tekna.
2. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhreifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.
3. Frítekjur vegna atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007.

4. Í ljósi þess að skattleysismörk hafa lækkað að raungildi telur LEB nauðsynlegt að hækka skattleysismörk að raungildi og bendir jafnframt á fyrri kröfur LEB um skattfrelsi grunnlífeyris.
5. Skerðing á lífeyri almannatrygginga vegna tekna maka og vegna sambýlis verði afdnumin frá 1. janúar 2007.
6. Hraðað verði úttekt á framfærslugrunni lífeyrisþega sem unnið er að í nefnd forsætisráðherra. Í framhaldi af þeirri vinnu verði tryggt með lögum að ellilífeyrir fylgi neysluvísitölu eða launavísitölu hækki hún meira þannig að lífeyrisþegum sé tryggt hlutdeild í auknum kaupmætti.
7. Ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 100% frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða svo að þeir haldi fjárforræði sínu eins og gilt hefur í tæpa þrjú áratugi fyrir fatlaða.
8. Þeir öryrkjar sem ná ellilífeyrisaldri haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum.
9. Unnið verði markvisst að því að afnema tekjutengingar og koma í staðinn á þrepatengdu skattakerfi.

f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík

Margrét Margeirsdóttir formaður

Stefanía Björnsdóttir framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/387
komudagur 29.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2006

Efni umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um framkomið frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra.

Stjórn Fíh gerir ekki athugasemdir við 1 gr. frumvarpsins. Í annarri grein tókum við undir að frítækjur verði ekki undir 75 þúsund krónum og skerði ekki tekjutryggingu maka.

Í 3. gr. teljum við að breyta eigi orðalaginu ráðstöfunarfé/vasapeninga í tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins sem skerðast við að dvelja á stofnun. Stjórn Fíh fagnar hækkun frítækjumarks og er sammála breytingu á greiðslufyrirkomulagi daggjaldastofnana.

Stjórn Fíh. er Sammála að neysluútgjöld verði skilgreind og nauðsyn þess að hækkunin haldi verðgildi sínu og tengd við launavísitölu

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Halla Grétarsdóttir, starfandi formaður

29.11.06

Fyrirspurn: Fá fram dæmi um breytingar á ráðstöfunartekjum lífeyrisþega.

Hér eru tekin saman nokkur dæmi um ráðstöfunartekjur lífeyrisþega með mismunandi tekjur á mánuði. Tekið er til samanburðar stöðuna m.v. 1. janúar 2006 og þegar allar breytingar í frumvarpinu hafa verið tekna í gildi.

Dæmi 1: Einhleypur ellilífeyrisþegi með mismunandi lífeyrissjóðstekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Lífeyrissjóðstekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	97.766	113.488	15.722	16%
50.000	115.415	129.667	14.252	12%
100.000	127.110	145.847	18.736	15%
150.000	138.542	162.025	23.483	17%
200.000	170.063	178.204	8.141	5%
250.000	201.703	208.811	7.108	4%

Dæmi 2: Einhleypur ellilífeyrisþegi með mismunandi atvinnutekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Atvinnutekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	97.766	113.488	15.722	16%
50.000	115.415	137.648	22.233	19%
100.000	127.110	153.827	26.716	21%
150.000	138.542	170.006	31.464	23%
200.000	162.063	186.185	24.122	15%
250.000	187.229	203.833	16.604	9%

Dæmi 3: Ellilífeyrisþegi í sambúð - maki ekki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í atvinnutekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Atvinnutekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	67.711	93.976	26.265	39%
50.000	99.394	116.872	17.478	18%
100.000	123.915	139.768	15.853	13%
150.000	148.436	162.663	14.228	10%
200.000	164.956	185.559	20.603	12%
250.000	187.229	208.455	21.226	11%

Dæmi 4: Ellilífeyrisþegi í sambúð - maki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í lífeyrissjóðtekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Atvinnutekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	56.715	103.221	46.506	82%
50.000	89.439	126.116	36.677	41%
100.000	113.960	149.012	35.051	31%
150.000	138.481	171.908	33.426	24%
200.000	162.063	194.803	32.741	20%
250.000	187.229	217.699	30.470	16%

Dæmi 5: Einhleypur örorkulífeyrisþegi með mismunandi lífeyrissjóðstekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Lífeyrissjóðstekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	98.462	114.196	15.733	16%
50.000	116.112	130.425	14.313	12%
100.000	128.610	146.655	18.044	14%
150.000	140.184	162.884	22.700	16%
200.000	170.063	179.113	9.050	5%
250.000	201.703	208.811	7.108	4%

Dæmi 6: Einhleypur örorkulífeyrisþegi með mismunandi atvinnutekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Atvinnutekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	98.462	114.196	15.733	16%
50.000	116.112	136.789	20.678	18%
100.000	144.662	159.383	14.721	10%
150.000	164.263	181.976	17.714	11%
200.000	177.671	204.570	26.899	15%
250.000	189.362	227.164	37.802	20%

Dæmi 7: Örorkulífeyrisþegi í sambúð - maki ekki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í atvinnutekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi atvinnutekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Atvinnutekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	68.812	90.062	21.250	31%
50.000	104.213	116.655	12.442	12%
100.000	135.741	143.248	7.508	6%
150.000	163.109	169.842	6.733	4%
200.000	184.286	196.436	12.150	7%
250.000	203.744	223.029	19.284	9%

Dæmi 8: Örorkulífeyrisþegi í sambúð - maki lífeyrisþegi og með 150 þús. kr. í lífeyrissjóðtekjur og lífeyrisþeginn sjálfur með mismunandi lífeyrissjóðtekjur

Heildartekjur eftir skatta				
Lífeyrissjóðtekjur	1.jan.06	Fullútfært	Mism. kr.	Mism. %
0	58.598	90.062	31.464	54%
50.000	90.631	109.876	19.245	21%
100.000	115.152	129.690	14.539	13%
150.000	139.673	149.505	9.832	7%
200.000	170.063	176.671	6.608	4%
250.000	201.703	208.811	7.108	4%

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/385
komudagur 28.11. 2006 **VPB 09.11.2006**

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2007:

1. Einföldun á kerfinu með sameiningu tveggja bótaflokka. Tekjutrygging og tekjutryggingarauki verða einn sameiginlegur bótaflokkur, tekjutrygging. Grunnfjárhæð tekjutryggingar verður hækkuð og verður óháð því hvort einstaklingur á maka eða ekki. Þetta er mesta kerfisbreytingin og gildir líka fyrir öryrkja.
2. Fyrri skrefið í að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar. Skerðingarhlutfallið er lækkað úr 45% í 39,95%. Gildir líka fyrir öryrkja.
3. Frestun á töku ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins leiðir til allt að 30% hækkunar bóta.
4. Fyrri skrefið í að hætta að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana.
5. Friðargæsluliðar verða slysatryggðir allan sólarhringinn.
6. Allir háskólanemar í verklegu námi verða slysatryggðir.
7. Lög um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð og lög um málefni aldraðra felld saman og endurútgefin.
8. Vasapeningar hækka um 25% með reglugerð. Fara úr 22.873 kr. á mánuði í 28.591 kr. Gildir líka fyrir öryrkja.
9. Heimilisuppbót hækkar um 4.361 kr. með reglugerð. Fer úr 18.803 kr. á mánuði í 23.164 kr. Gildir líka fyrir öryrkja.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2008:

1. Síðara skrefið í að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar. Skerðingarhlutfallið er lækkað úr 39,95% í 38,35%. Gildir líka fyrir öryrkja.
2. Síðara skrefið í að hætta að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2009:

1. Fyrri áfangi í að halda lífeyrissjóðstekjum hjóna aðgreindum. Lífeyrissjóðsgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrissjóðsgreiðslur makans 20% vægi. Gildir líka fyrir öryrkja.

2. Fyrri áfangi í að halda atvinnutekjum hjóna aðgreindum. Atvinnutekjur lífeyrisþegans hafa 65% vægi og atvinnutekjur makans 35% vægi. Tekur líka til öryrkja.
3. Fyrri áfangi í að setja frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Verður 200 þús.kr. á ári. Tæplega 17 þús.kr. á mánuði. Tekur ekki til öryrkja þar sem þeir hafa sérreglu um atvinnutekjur, þ.e. 40% af atvinnutekjum hafa ekki áhrif á tekjutryggingu.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2010:

1. Síðari áfangi í að halda lífeyrissjóðstekjum hjóna aðgreindum. Lífeyrissjóðstekjur makans hafa engin áhrif á bætur. Gildir líka fyrir öryrkja.
2. Síðari áfangi í að halda atvinnutekjum hjóna aðgreindum. Atvinnutekjur lífeyrisþegans hafa 75% vægi og atvinnutekjur makans 25% vægi. Gildir líka fyrir öryrkja.
3. Síðari áfangi í að setja frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Verður 300 þús.kr. á ári, þ.e. 25 þús.kr. á mánuði. Tekur ekki til öryrkja þar sem þeir hafa sérreglu um atvinnutekjur, þ.e. 40% af atvinnutekjum hafa ekki áhrif á tekjutryggingu.



Alþingi

Erindi nr. P 133/351

komudagur 27.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 27. nóvember 2006
2006110159/91/MH/ABA/hp

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Vísað er í bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 15. nóvember 2006.


Landlæknisembættið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og leggur áherslu á að það nái fram að ganga.


Með þessu frumvarpi er verið að tryggja öldruðum meiri ráðstöfunarfé og er það vel, þar sem alþjóðlegar rannsóknir hafa ítrekað sýnt tengsl fátæktar og sjúkdóma.

Landlæknisembættið fagnar því að lagt er til að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði nýtt til uppbyggingar öldrunarþjónustu eins og því var ætlað í upphafi.

Einnig er ánægjulegt að gert er ráð fyrir að fyrirhuguð heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraðra ljúki á næsta ári.

Virðingarfyllst,


Matthías Halldórsson
landlæknir


Anna Björg Aradóttir
yfirhjúkrunarfræðingur

*Alþingi
Erindi nr. P 133/290
komudagur 24.11.2006*

133. löggjafarþing 2006-2007

~~Þingskj. 3~~ 3. mál. 330. mál

UMSÖGN

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um almannatryggingar
og lögum um málefni aldraðra.**

Landssamband eldri borgara hefur borist til umsagnar ofannefnt frumvarp. Frumvarpið er í samræmi við yfirlýsingu sem undirrituð var 19. júlí 2006 af fulltrúum ríkisstjórnar og LEB. Sú yfirlýsing byggðist á þeirri vinnu sem LEB tók þátt í ásamt fulltrúum stjórnvalda og voru afrakstur málamíðlana sem LEB var afar ósátt við. Í framhaldi af yfirlýsingunni var því lýst yfir að LEB mundi halda áfram að berjast fyrir bættum kjörum eldri borgara. Enda kom í ljós að félagsmenn LEB um land allt voru afar ósáttir með yfirlýsinguna og töldu hana ganga allt of skammt, bæði hvað tímasetningar og fjárupphæðir snertir.

Framkvæmdastjórnarfundur LEB samþykkti eftirfarandi tillögur á fundi 13. október 2006 og mun sækja fast eftir stuðningi stjórnámálanna við þær fyrir endanlega afgreiðslu þessa frumvarps.

Tillögur LEB í lífeyris- og kjaramálum eldri borgara.:

1. Hafin verði nú þegar endurskoðun á lífeyrstryggingakafla almannatrygginga, einngrað frá heildarendurskoðun laganna. LEB leggur jafnframt áherslu á að vinna við löggjöfina í heild verði hafin sem fyrst þar sem sérstaklega verði endurskoðaðar reglur um endurgreiðslur bóta frá TR, vegna annarra tekna.
2. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.
3. Frítekjur vegna atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007.
4. Í ljósi þess að skattleysismörk hafa lækkað að raungildi telur LEB nauðsynlegt að hækka skattleysismörk að raungildi og bendir jafnframt á fyrri kröfur LEB um skattfrelsi grunnlífeyris.
5. Skerðing á lífeyri almannatrygginga vegna tekna maka og vegna sambýlis verði afnumin frá 1. janúar 2007.
6. Hraðað verði úttekt á framfærslugrunni lífeyrisþega sem unnið er að í nefnd forsætisráðherra. Í framhaldi af þeirri vinnu verði tryggt með lögum að ellilífeyrir fylgi neysluvísitölu eða launavísitölu hækki hún meira þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti.

7. Ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 100% frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða svo að þeir haldi fjárforræði sínu eins og gilt hefur í tæpa þrjá áratugi fyrir fatlaða.
8. Þeir öryrkjar sem ná ellilífeyrisaldri haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum.
9. Unnið verði markvisst að því að afnema tekjutengingar og koma í staðinn á þrepatengdu skattakerfi.

Reykjavík 24. 11. 2006.

Ólafur Ólafsson, form. LEB

Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2006

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál.

Heilbrigðis og trygginganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það samið í framhaldi af tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra, og sem m.a. skyldi fjalla um fyrirkomulag tekjutengingar með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna ýmsum ákvæðum í frumvarpinu, sem taka mið af samkomulagi stjórnvalda og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí s.l. Það er hins vegar skoðun LL að frumvarpið gangi alltof stutt hvað varðar að draga úr skerðingarákvæðum almannatrygginga vegna lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðunum, svo og vegna útborgunar viðbótarlífeyrissparnaðar til réttihafa, sbr. II. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa margsinnis í umsögnum sínum til þingnefnda bent á það óréttlæti að auknar bætur frá lífeyrissjóðunum og greiðslur vegna viðbótarlífeyrisparnaðar skerða mjög harkalega bætur almannatrygginga. Þannig skila auknar bætur frá lífeyrissjóðunum sér í meiri skerðingum á bótum almannatrygginga, sbr. meðfylgjandi dæmi. Um er að ræða einstakling, sem býr einn og nýtur ellilífeyris hjá almannatryggingum og lífeyrissjóði. Allar tölur eru reiknaðar fyrir staðgreiðslu skatta og um er að ræða mánaðarlegar greiðslur:

Bætur frá lífeyris- sjóði	Bætur frá almanna- tryggingum	Samtals bætur fyrir skatta	Mismunur í kr.
0 kr.	123.623 kr.	123.623 kr.	
50.000 kr.	93.471 kr.	143.471 kr.	19.848 kr.
60.000 kr.	87.441 kr.	147.441 kr.	3.970 kr.
70.000 kr.	81.411 kr.	151.411 kr.	3.970 kr.
80.000 kr.	75.381 kr.	155.381 kr.	3.970 kr.
90.000 kr.	69.351 kr.	159.351 kr.	3.970 kr.
100.000 kr.	63.321 kr.	163.321 kr.	3.970 kr.

Ef viðkomandi bótaþegi er ekki með nein ellilífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóði, þá nema hámarksbætur almannatrygginga 123.623 kr. á mánuði. Ef bótaþeginn hefur hins vegar áunnið sér 50.000 kr greiðslur á mánuði frá lífeyrissjóði, lækka bætur almannatrygginga hvorki meira né minna en um 30.152 kr. Af 50.000 kr. bótum frá lífeyrissjóðnum skila sér því aðeins 19.848 kr til bótaþegans og á þá meira að segja eftir að skattleggja þá fjárhæð. Ef greiðslur bótaþegans aukast hjá lífeyrissjóðnum t.d. um 10.000 kr. á mánuði, hækka heildargreiðslurnar aðeins um 3.970 kr. fyrir hverjar 10.000 kr. í réttindaávinnslu, eingöngu vegna skerðingar á bótum frá almannatryggingum. Ekki er tekið tillit til þess að eftir er að greiða skatta af þessum bótum. Tekið skal fram að sömu skerðingarákvæði gilda, ef um viðbótarlífeyrissparnað er að ræða. Hér er því um að ræða mikið ranglæti sem löggjafinn þarf að leiðrétta hið fyrsta. Vissulega dregur umrætt frumvarp nokkuð úr þessu óréttlæti, en hvað snertir samspil bóta almannatrygginga annars vegar og greiðslna frá lífeyrissjóðum og vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, þá eru skerðingarákvæðin samkvæmt frumvarpinu enn mjög mikil.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja vekja athygli á reglum lífeyrissjóðanna hvað snertir skerðingu bóta vegna annarra tekna. Þá ber fyrst að geta þess að ellilífeyrir og makalífeyrir er greiddur án nokkurs tillits til annarra tekna bótaþegans eða maka hans. Um örorkulífeyririnn gilda aðrar reglur. Samkvæmt lögum nr. 129/1997 ber lífeyrissjóðum einvörðungu að greiða örorkulífeyri, ef sjóðfélagar verða fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Lífeyrissjóðum er því algjörlega óheimilt samkvæmt lögum að greiða sjóðfélaga örorkulífeyri, ef hann verður ekki fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasambandsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur,

sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagsins síðustu almanaksárin fyrir orkutapið og skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs. Við mat á tekjum örorkulífeyrisþegans er ekki tekið tillit til tekna makans, ekki er tekið tillit til fjármagnstekna og ekki er tekið inn tekjurnar greiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar eða bætur vegna frjálsra slysatrygginga, sem sjóðfélaginn hefur tekið og alls ekki er tekið með makalífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum eða frá almannatryggingum.

Lífeyrissjóðirnir hafa sem kunnugt er sætt óréttmætrar gagnrýni af hálfu nokkurra þingmanna nú í haust vegna þess að sjóðirnir vilja fara eftir lögum og greiða því aðeins sjóðfélögum örorkulífeyri, sem hafa orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Ljóst er að við mat á tekjuskerðingu eru reglur lífeyrissjóðanna langtum rýmri en hjá almannatryggingum. Við mat á fyrirkomulag tekjutengingar bóta almannatrygginga getur þingnefndin því vissulega haft hliðsjón af framangreindum reglum lífeyrissjóðanna, þegar meta skal skerðingarákvæði almannatrygginga, sem eins og áður segir, eru alltof harkaleg og koma mjög illa niður á lífeyrisþegum sjóðanna og réttshöfum viðbótarlífeyrissparnaðarins.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/225
komudagur 22.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. nóvember 2006.


Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. 133. löggjafarþing 2006 – 2007. Þskj. 353 - 330. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 15. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og telur nefndin að þar sem málið sé pólitísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 133/289
komudagur 24.11.2006



Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110663 SMG/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl. (þskj. 353 á 133. lögjafarþingi.)

Í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 10. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, er að finna svohljóðandi ákvæði:

„Tryggingastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattýfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr.“


Efnislega sambærilegt ákvæði er að finna í 6. mgr. 16. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 26. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Um þetta er ítarlega fjallað í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, en þar segir:

„Í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar um tekjur úr staðgreiðsluskrá skattýfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. laganna. Með eftirliti getur stofnunin brugðist fyrir við og má gera ráð fyrir að dragi úr erfiðleikum vegna ofgreiðslna þar sem fyrir er hægt að leiðrétta hvort sem um of- eða vangreiðslur er að ræða. Tryggingastofnun getur hafið leiðréttingar þegar frá og með næsta mánuði eftir að aðstæður breytast. Til innheimtu á ofgreiddum bótum kemur þó ekki fyrir en innheimta hefst eftir árlegt uppgjör tekjutengdra bóta. Ákvæði 6. mgr. eru í samræmi við tillögur starfshóps sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði hinn 5. janúar 2006 til þess að fara yfir eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með endurreikningi á tekjutengdum bótum. Formaður starfshópsins var Þórir Haraldsson lögfræðingur en í hópnum voru fulltrúar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins, ríkisskattstjóra, Landssambandi eldri borgara og Öryrkjabandalagi Íslands. Einnig var leitað álits Ásmundar Stefánssonar, formanns nefndar sem

skipuð var af forsætisráðherra, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi þessu, um nánari útfærslu á framkvæmd og eftirliti með tekjutengdum bótum Tryggingastofnunar. Framangreindur starfshópur fór ítarlega yfir framkvæmd Tryggingastofnunar á eftirliti og árlegu uppgjöri tekjutengdra bóta til lífeyrisþega. Þá fór starfshópurinn yfir upplýsingar frá Tryggingastofnun um endurreikning bótagreiðslna, fjölda bótaþega sem voru endurreiknaðir og skiptingu inneigna og krafna. Í álitum starfshópsins kom fram að framkvæmd eftirlits, endurreiknings bóta og uppgjörs hefði leitt í ljós að bæta þyrfti núverandi kerfi og gera það sveigjanlegra. Starfshópurinn var sammála um mikilvægi þess að útreikningur Tryggingastofnunar á bótarétti lífeyrisþega væri byggður á réttum upplýsingum og lífeyrisþegar ættu að tryggja sem best að upplýsingar sem bótaréttur þeirra væri byggður á væru sem réttastar á hverjum tíma. Starfshópurinn taldi að efling samtímaeftirlits af hálfu Tryggingastofnunar væri brýn nauðsyn þar sem með því móti gæti Tryggingastofnun betur sinnt því grundvallarhlutverki sínu að greiða réttar bætur á réttum tíma. Starfshópurinn taldi að með eflingu slíks eftirlits og innleiðingu skýrra reglna um aðgerðir í tengslum við það ætti að vera mögulegt að draga verulega úr van- og ofgreiðslum bóta og þar fari saman hagsmunir Tryggingastofnunar og viðskiptavina hennar.“

Með vísan til þessa gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umræddar lagabreytingar, en tekið skal fram að Persónuvernd er ekki fyllilega ljóst hvort til standi að afla þessara upplýsingar án samþykkis umsækjanda. Af því tilefni skal bent á að í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 117/1993 er gert ráð fyrir að fengið sé skriflegt samþykki umsækjanda fyrir öflun Tryggingastofnunar ríkisins á upplýsingum um hann hjá skattyfirvöldum. Standi til að gera breytingu á því varðandi tilteknar upplýsingar, hér upplýsingar í staðgreiðsluskrá sem haldin er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, er um að ræða undantekningu frá meginreglu. Með hliðsjón af kröfum til skýrleika lagaákvæða er æskilegt að slíkt sé tekið fram berum orðum í umræddum ákvæðum frumvarps þessa.

Virðingarfyllt



Dr. Páll Hreinsson
stjórnarformaður



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

22. nóvember 2006

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál

Ef frumvarpið verður að lögum munu lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til elli- og örorkulífeyris hækka um 7 milljarða króna á verðlagi þessa árs, þegar öll ákvæði þess eru komin til framkvæmda. Hækkun ellilífeyrisgreiðslna verður 4,8 milljarðar króna og örorkulífeyris 2,2. Til samanburðar voru útgjöld lífeyristrygginga 31 milljarður króna árið 2005 og útgjöld samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 6 milljarðar króna. Um helmingur hækkunarinnar er vegna hækkunar lífeyris til samræmis við þróun kjarasamninga en hinn hlutinn er stafar af því að dregið er úr vægi tengingar við tekjur lífeyrisþega og maka þeirra. Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við ákvarðanir stjórnvalda um bætt kjör lífeyrisþega og telja það ekki á verksviði samtakanna að tjá sig um þær, nema að því leyti sem þær snú að vinnumarkaðslegum þáttum.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar sem stuðlað getur að aukinni atvinnuþátttöku fólks sem náð hefur 67 ára aldri. Um er að ræða 300 þús. kr. frítekjumark vegna launatekna, heimiluð eru sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur geta hækkað um allt að 30% við frestun á töku lífeyris og dregið er verulega úr skerðingu lífeyris vegna atvinnutekna maka.

Samtök atvinnulífsins fagna framangreindum tillögum að breytingum sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldri starfsmanna á vinnumarkaði og styðja að þær verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson



Alþingi
Erindi nr. P 133/651
komudagur 15.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík


Hvammstanga 8. desember 2006

Málefni: Frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 5. desember sl., var frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl., tekið til umsagnar. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst


Jakob Magnússon,
frámkvæmdastjóri SSNV.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2006

Efni: Athugasemdir Samtaka sykursjúkra við frumvarp tii laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330 mál

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er byggt á vinnu sem til var stofnað með Landssambandi eldri borgara af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Þar sem um er að ræða tillögur til ýmissa breytinga á gildandi lögum um almannatryggingar varðar þetta einnig að verulegu leiti öryrkja. Samtök sykursjúkra telja margt jákvætt við frumvarpið og þá helst þau markmið laganefndarinnar sem liggja að baki því. Þau er að finna í athugasemdum með frumvarpinu:

- lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði hækkaðar.
- Bótaflokkum verði fækkað og lífeyristryggingakerfið þar með einfaldað.
- Dregið verði úr áhrifum tekna maka.
- Fjárhæð vasapeninga verði hækkuð.
- Heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun tóku ellilífeyris.
- Sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Það fjármagn sem nú gangi til reksturs stofnana úr framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Undir þetta allt geta Samtök sykursjúkra tekið. Með frumvarpinu nást þessi markmið þó aðeins að hluta til og á of löngu tímabili.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur lífeyrisþegans og að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og makans skiptast til helminga en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu, samkvæmt frumvarpinu, hlutföllin vera 80% hjá lífeyrisþeganum og 20% hjá makanum. Þetta telja Samtök sykursjúkra ekki viðunandi. Með því að flýta gildistöku 300.000 króna frítekjumarks ellilífeyrisþega um þrjú ár hefur verið gefið jákvætt fordæmi og mæla Samtök sykursjúkra eindregið með því að skilið verði að fullu á milli tekna lífeyrisþega og maka frá 1. janúar 2007

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, hafi með sama hætti og greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum ekki áhrif á útreikning elli og örorkulífeyris. Samtök sykursjúkra fagna þessari breytingu.

Gert er ráð fyrir lítilli hækkun á lífeyri almannatrygginga og miðað við verðlags- og launapróun síðustu mánuði er full nauðsyn til að endurskoða fyrirhugaða hækkun þann 1. janúar. 2007. Samtök sykursjúkra leggja til að auk þeirrar krónutöluhækkunnar sem fyrirhuguð er í tengslum við sameiningu tekjutryggingar og tekjutryggingarauka í einn greiðsluflokk, verði upphæð grunnlífeyris tvöfölduð, úr 24.131 krónur í 48.262 krónur.

Einnig benda Samtök sykursjúkra á að samkvæmt sameiginlegum tillögum Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar þá skuli almannatryggingakerfið einfaldað þannig að bótaflokkum verði fækkað niður í tvo sem skiptast í grunnlaun og tekjutryggingu og sé miðað við að upphæð úr hvorum flokki sé jafnhá. Þá er í sameiginlegum tillögum gert ráð fyrir að grunnlaunin verði ótekjutengd með öllu. Sú einföldun sem næst með þessu frumvarpi til laga um almannatryggingar er mjög takmörkuð og ófullnægjandi að áliti Samtaka sykursjúkra.

Þörf er á grundvallaruppstokkun almannatryggingakerfisins þar sem núverandi kerfi er ýtt til hliðar og tekið upp nýtt fyrirkomulag með einföldun, gegnsæi, afkomutryggingu og hvata til samfélagslegrar þátttöku að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka sykursjúkra

Sigríður Jóhannsdóttir,




Alþingi
Erindi nr. P 133/458
komudagur 1.12.2006

1. desember 2006

Sæl, vísa til fundar heilbr.- og trygginganefndar þar sem ég tók að mér að setja fyrirhugaðar breytingar á elli- og örorkulífeyrisgreiðslur upp á grafískt form. Við höfum leiðrétt gögnin m.t.t. 300 þús. kr. breytingarinnar og þá lítur þetta svona út. Þetta er unnið hratt að ykkar ósk og því kynnu að hafa slæðst inn einhverjar villur. Sendi einnig exel skjal með tölunum á bak við þetta þar sem koma fram skýringar á lækkunum, en um það var einnig beðið. Ef eitthvað er óljóst hafðu þá endilega samband. Við reiknum með að fara betur yfir þetta í næstu viku setja það í skýrari búning. Láttu mig vita hvort þið viljið fá það þannig þá. - Kveðja -




Sigríður Lilly Baldursdóttir

Framkvæmdastjóri Próunarsviðs Tryggingastofnunar ríkisins (Director, Division of Research, Development and Evaluation, State Social Security Institute of Iceland)






* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aidurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.






* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.






* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.






* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.



* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.



* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

7.12.2006
Tryggingastofnun ríkisins
330. mál

Kostnaðarútreikningur vegna kostnaðar við að gera samanburð á frádrætti frá eigin tekjum af atvinnu hjá örorkulífeyrisþegum þannig að borin sé saman reglan um að draga frá allar tekjur upp að 300 þúsund kr. á ári og því að draga frá þeim 40% af tekjum og nota þá reglu, sem kemur betur út.

Þessi kostnaður er eins og hér segir miðað við stöðu öryrkja í mars 2006.

Ár	2007	2008	2009	2010
Tekjutrygging	60	58	63	66
Heimilisuppbót	5	5	5	5
Eingreiðslur	3	3	3	3
Samtals	68	66	71	74

Þessi frádráttur kostar ríkissjóð þeim mun meira ef skerðingarhlutfall er hærra og vegna þess að skerðingarhlutfall lækkar milli árunna 2007 og 2008 lækkar kostnaðurinn við þennan frádrátt.

Þegar minnkuð er tekjutenging við tekjur maka eykst að sama skapi tekjutenging við eigin tekjur. Það leiðir til þess að í raun hækka jaðaráhrifin vegna eigin tekna og þar, sem þessi frádráttur á einungis við eigin tekjur leiðir þetta til þess að kostnaðurinn eykst þegar tekjutenging við tekjur maka er minnkuð. Þess vegna kemur fram kostnaðarhækkun árin 2009 og 2010 þegar tenging við tekjur maka minnar.

Fyrir hönd TR

Sigurður M. Grétarsson

Alþingi
Erindi nr. P 137/292
komudagur 24.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2006
ÁPS/SG/EA/KSG/069/06

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og almannatryggingar, 330. mál, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Það skal tekið fram í upphafi að þegar á heildina litið er lagafrumvarpið til einföldunar þótt flóknar útfærslur þurfi hjá Tryggingastofnun fyrstu tvö árin meðan fyrstu breytingar eru að eiga sér stað. Þetta horfir hins vegar til töluverðrar einföldunar gagnvart lífeyrisþegum þannig að þeir ættu að eiga betra með að skilja almannatryggingakerfið en nú er. Þó eru nokkur atriði sem þörf er að benda á.

Um 1. gr.

Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu skv. 11.-13. gr. og 17. gr. þessara laga. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. másl. til helminga milli hjóna við útreikning bóta. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.

Hér er ekki vísað til 15. gr. almannatryggingalaga, sem fjallar um aldurstengda örorkuuppbót. Sá bótaflokkur er samkvæmt orðanna hljóðan tekjutengdur en skerðing hefst við sama tekjumark og réttur til örorkulífeyris fellur niður vegna tekna. Því kemur í raun aldrei til skerðingar bótaflokksins vegna tekna þar sem aldurstengda örorkuuppbótin greiðist aðeins þeim sem fá greiddan örorkulífeyri. Að því gefnu að tekjutenging verði afnumin í 15. gr. er óþarft að telja aldurstengda örorkuuppbót sérstaklega með hér, en að óbreyttri 15. gr. ætti væntanlega að tilgreina þann bótaflokk hér einnig. Tryggingastofnun leggur til að 1. mgr. 15. gr. verði breytt og orðist svo:

“Aldurstengd örorkuuppbót greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. eða fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. Aldurstengd örorkuuppbót greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. másl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr. Fjárhæð uppbótar, sbr. 2. mgr., miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.”

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 47. gr. og bótaréttur reiknaður út frá þeim tekjum umsækjanda og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem bótaréttur stofnaðist.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattfyrivalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í 47. gr.

Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattfyrivalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótaffárhæðir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem áætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

Komi í ljós við endurreikning bóta að bætur hafa verið vangreiddar eða ofgreiddar fer um það skv. 50. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

10. gr. telur samkvæmt frumvarpinu 11 málsgreinar og fjallar annars vegar um tekjuhugtakið og meðferð tekna og hins vegar um tekjuáætlanir, endurreikning og uppgjör bóta. Tryggingastofnun telur æskilegt að greina á milli þessara tveggja þátta. Því leggur stofnunin til að 10. gr. almannatryggingalaga fjalli eingöngu um tekjur. Lagt er til að 1. - 4. mgr. verði óbreyttar en að 5. - 9. mgr., sem snúa að tekjuáætlunum, endurreikningi og uppgjöri verði færðar í núverandi 18. gr. laganna. Nýrri málsgrein verði bætt við varðandi reglugerðarheimild með ákvæðinu. Hið nýja ákvæði fái heitið "Tekjuáætlanir, endurreikningur og uppgjör". Að vísu er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að reglur um frestun töku ellilífeyris verði settar í 18. gr. en að mati stofnunarinnar fer allt eins vel á að hafa þær reglur í 16. gr., sem einnig er laus. Þessi breyting myndi að mati Tryggingastofnunar gera lögin skýrari. Þess má jafnframt geta að framkvæmd endurreiknings og uppgjörs bóta er mjög veigamikill þáttur í framkvæmd laganna um almannatryggingar og því ekki óeðlilegt að um hann sé fjallað í sérstöku lagaákvæði sem heyri undir þann kafla laganna sem fjallar um lífeyristryggingar.

Gildistími breytinga

Við það að draga úr tengingum við tekjur maka hækka tekjutengingar að sama skapi við eigin tekjur lífeyrisþega. Það leiðir til þess að þeir lífeyrisþegar, sem hafa hærri tekjur en makar þeirra, munu fá lægri greiðslur eftir slíka breytingu en þeir höfðu áður. Það er þó mun líklegra að heildartekjur hjóna hækki við breytinguna þar sem algengara að það hjóna sem ekki er lífeyrisþegi hafi hærri tekjurnar. Þegar bæði hjón eru lífeyrisþegar verða breytingar á fjölskyldutekjum óverulegar þar sem í þeim tilfellum lækka greiðslur til annars hjónanna en hækka til hins.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Til þess að lífeyrisþegi sé með hærri tekjur en maki, sem er ekki lífeyrisþegi, þarf lífeyrisþeginn oftast nær að vera með nokkuð háar tekjur. Því er sá lífeyrisþegi líklegur til að hagnast vel á lækkun skerðingarhlutfalls á tekjutryggingu. Lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar mun því draga úr lækkun bóta hjá þessum lífeyrisþegum og í öðrum tilfellum mun hún valda því að í heildina munu þessar breytingar leiða til hækkunar á bótum, þó breytingin á tekjutengingu við tekjur maka ein og sér leiði til lækkunar.

Í mörgum tilfellum munu því þessar tvær breytingar koma á móti hver annarri og gera það að verkum að heildarbreytingar greiðslna verða minni en ef aðeins önnur breytingin ætti sér stað. Tryggingastofnun telur því æskilegt að þessar breytingar eigi sér stað á sama tíma til að minnka það högg, sem þeir verða fyrir, sem fá lækkun á greiðslum vegna breytingar á tengingu við tekjur maka. Í því ljósi er ekki heppilegt að láta lækkun skerðingarhlutfalla taka gildi fyrst en láta breytingar á tengingu við tekjur maka taka gildi síðar. Lífeyrisþegar í þessari stöðu munu að óbreyttu fá hækkun greiðslna árin 2007 og 2008, en síðan lækka árin 2009 og 2010.

Það skal tekið fram að með þessu er ekki verið að taka afstöðu til þess hvort það þurfi að láta breytingarnar taka skemmri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir, aðeins að æskilegt er að breytingarnar taki gildi á sama tíma.

Mismunandi breytingar á tengingum við tekjur maka eftir tekjuliðum

Lagt er til í frumvarpinu að tenging við tekjur maka lækki meira gagnvart lífeyrissjóðstekjum heldur en tekjum af atvinnu. Þetta leiða til þess að fleiri lífeyrisþegar muni lækka í bótum við þessa breytingu heldur en ef um jafna breytingu væri að ræða. Ástæða þessa er sú að lækkun á tengingu við tekjur maka veldur hækkun á tengingu við eigin tekjur lífeyrisþega og í þeim tilfellum, sem maki er ekki lífeyrisþegi, er algengara að lífeyrisþegi sé með tekjur úr lífeyrissjóði heldur en maki en öfugt varðandi tekjur af atvinnu. Það kemur því almennt ekki vel út fyrir lífeyrisþega að hækkun á tengingu við eigin lífeyrissjóðstekjur sé meiri en nemur lækkun á tekjutengingu við tekjur maka af atvinnu.

Gert er ráð fyrir að gengið sé alla leið í að afnema tekjutengingu við tekjur maka af lífeyrissjóðstekjum en hálf leið varðandi tekjur af atvinnu. Það gerir það að verkum að ef lífeyrisþegi er eingöngu með tekjur úr lífeyrissjóði en maki eingöngu með tekjur af atvinnu munu greiðslur til lífeyrisþega lækka ef tekjur hans úr lífeyrissjóði eru hærri en nemur helming af tekjum maka af atvinnu. Ef gengið væri jafn langt í breytingum á tengingu við tekjur maka í báðum tekjuliðum þyrftu tekjur lífeyrisþega úr lífeyrissjóði að vera hærri en tekjur maka af atvinnu til að um lækkun yrði að ræða.

Þetta má skýra með einföldu dæmi: Lífeyrisþegi er með 1.000.000 kr. í tekjur úr lífeyrissjóði á ári en maki er með 1.500.000 kr. í tekjur af atvinnu á ári. Viðmiðunartekjur lífeyrisþegans gagnvart tekjutryggingu í núverandi kerfi er því 1.250.000 kr. eða helmingur af samanlögðum tekjum hjóna. Þær breytingar sem síðan munu eiga sér stað og verða að fullu komnar til framkvæmda árið 2010 verða eins og hér segir:

Vægi eigin tekna úr lífeyrissjóði verða 100% eða 1.000.000 kr. (100% af 1.000.000).

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Vægi tekna maka af atvinnu verða 25% eða 375.000 kr. (25% af 1.500.000).
Viðmiðunartekjur verða því 1.000.000 kr. + 375.000 kr. eða 1.375.000 kr.

Við þetta hafa því viðmiðunartekjur þessa lífeyrisþega hækkað um 125.000 kr. og miðað við 38,35% skerðingarhlutfall leiðir þetta til lækkunar á tekjutryggingu um 47.938 kr. á ári. Ef aftur á móti væri gengið jafn langt í að breyta tekjutengingum við tekjur maka á báðum tekjuliðum yrði um lækkun á viðmiðunartekjum að ræða þar sem lífeyrisþegi er með lægri tekjur en maki. Því yrði um að ræða hækkun á greiðslum til þessa lífeyrisþega í stað lækkunar.

Frádráttur frá tekjuskerðingu tekjutryggingar vegna tekjuskerðingar lífeyris

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að samanlögð skerðing elli-, örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyris og tekjutryggingar skuli aldrei fara umfram 38,35% af tekjum. Komi samtímis til skerðingar þessara bóta skal lífeyrir fyrst skertur og samsvarandi dregið úr skerðingu tekjutryggingar. Ákvæði þessarar málsgreinar um skerðingu á þó ekki að gilda um heimilisuppbót skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Þó þetta flæki óneitanlega útreikninga tekjutryggingar þá er þetta til einföldunar varðandi heildarjaðaráhrif greiðslna gagnvart greiðsluþega. Þetta ákvæði, ásamt afnámi frítekjumarks tekjutryggingar, gerir það að verkum að um er að ræða eina jafna tekjuskerðingu svo framarlega sem einhver greiðsla tekjutryggingar er fyrir hendi. Án ákvæðisins væri um það að ræða hjá ellilífeyrisþegum að fyrst væri 38,35% tekjuskerðing tekjutryggingar og síðan gæti bæst við 30% tekjuskerðing ellilífeyris og væri þá tekjuskerðingin samtals orðin 68,35%.

Greiðslur sem geta fallið við litlar tekjubreytingar

Mikil hækkun tekjutryggingar og lækkun skerðingarhlutfalls gerir það að verkum að greiðslur munu falla niður við mun hærri tekjur en nú er. Það eykur verulega mögulegan rétt til greiðslu tekjutryggingar samhliða jafnvel einni krónu í greiðslurétti á lífeyri. Þar sem tekjutrygging greiðist ekki nema fyrir hendi sé réttur til lífeyris, geta nokkuð há greiðsluréttindi fallið við litla breytingu í tekjum. Þetta leiðir einnig til þess að þeim mun fjölga mjög sem fá enga tekjutryggingu þar sem ekki er réttur til lífeyris. Þetta eykur verulega líkurnar á því að í uppgjöri bóta komi fram mun hærri ofgreiðsla en nemur muninum á tekjuáætlun og endanlegum tekjum.

300 þúsund kr. frítekjumark vegna eigin atvinnutekna

Ákvæðið gerir ráð fyrir að fyrstu 300 þúsund kr. eigin atvinnutekjur á ári skerði hvorki greiðslur tekjutryggingar né heimilisuppbótar til ellilífeyrisþega og er það óháð því hversu miklar aðrar tekjur eru. Það skal þó tekið fram að ef maki er líka lífeyrisþegi þá skerða þessar tekjur greiðslu tekjutryggingar til hans meðan enn er tenging við tekjur maka af atvinnu.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS




Þetta gerir það að verkum að þrátt fyrir þennan frádrátt hefur þetta áhrif á fjölskyldutekjur viðkomandi lífeyrisþega. Þessi áhrif eru þó aðeins þriðjungur af því, sem væri ef þetta ákvæði væri ekki til staðar árið 2009 og aðeins fjórðungur árið 2010. Ef ákvæðið mun taka gildi árið 2007 mun það draga úr tekjuskerðingu heimilistekna innan við 300 þúsund kr. á ári um helming árin 2007 og 2008 miðað við það sem væri ef þetta ákvæði væri ekki til staðar. Í stuttu máli þá hafa tekjur lífeyrisþega af atvinnu alltaf áhrif á heimilistekjur í þeim tilfellum, sem bæði hjónin eru lífeyrisþegar meðan þetta ákvæði á aðeins við um eigin tekjur af atvinnu og enn er verið að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka.

Afnám tengingar við tekjur maka vegna vistunarframlags

Í dag er þegar búið að afnema tekjutengingar við tekjur maka gagnvart vistunarframlagi eða öllu heldur eigin þátttöku vistmanna í vistgjaldi þegar annað hjóna er vistmaður. Þetta snýr því aðeins að hjónum, sem bæði eru vistmenn. Í þeim tilfellum, sem annað hjóna er með tekjur undir svokölluðu stofnanafrítekjumarki en hitt með tekjur yfir því mun þetta í flestum tilfellum leiða til aukinnar samanlagðrar eigin þátttöku í vistgjaldi og þar að leiðandi lægri samanlagðra greiðslna vistunarframlags.

Ef engar aðrar tekjur en lífeyrissjóðstekjur eru til staðar geta hjón aðeins hagnast á þessari breytingu ef lífeyrissjóðstekjur annars þeirra eru hærri en 330.000 kr. á mánuði og hitt er með tekjur yfir stofnanafrítekjumarki. Sé það hjóna, sem er með lægri tekjur, með tekjur undir stofnanafrítekjumarki þurfa tekjur hins að vera hærri en 330.000 kr. til að þau hagnist á þessari breytingu.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS





Alþingi
Erindi nr. P 133/598
komudagur 7.12.2006

From: Sigríður L. Baldursdóttir [mailto:sigríður.baldursdóttir@tr.is]
Sent: 7. desember 2006 15:19
To: Ásta Möller; Elín Valdís Þorsteinsdóttir; Guðjón Ólafur Jónsson
Subject: gröf með skýringum á "hnykkjum"

Sendi ykkur meðfylgjandi gröfin sem ég var með í morgun með skýringum á breytingum þar sem þær eru miklar eða lækkun þar sem hún kemur fram.

- Kveðja

Sigríður Lillý Baldursdóttir
Framkvæmdastjóri Þróunarsvlös Tryggingastofnunar ríkisins





*2,9% hækkun á grunnlífeyri og frítækjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og "250þús" einstaklingarnir öðlast rétt til grunnlífeyris og fá því tekjurtryggingu ("detta inn á krónunni"). Upptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750þús. á ári.




* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiddslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjurtryggingar og heimilissuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjurtryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjurtryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir - fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.





*2,9% hækkun á grunnlífeyri og og frítækjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og "250þús" einstaklingarnir öðlast rétt til grunnlífeyris og fá því tekjutryggingu ("þetta inn á krónunni"). Uptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750þús. á ári.




* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilissuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir - fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.





*2,9% hækkun á grunnlífeyri og og frítekjumarki árið 2007 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og “250þús” einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjurtryggingu (“dettur inn á krónunni”). Uptaka 60% reglunnar hjá ellilífeyrisþegum veldur því að hækkunin verður meiri hjá þeim sem hafa tekjur umfram 750þús. á ári.




* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiddslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjurtryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjurtryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjurtryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir - fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní. Síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.




*5,5% hækkun á grunnlífeyri og og frítekjumarki í júlí 2006 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og "250þús" einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjurtryggingu ("dettur inn á krónunni").





* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.





*2009 fellur samanburðarákvæðið niður og því lækka greiðslur til þeirra sem mestar tekjur hafa úr lífeyrissjóði




* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilissuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.



*5,5% hækkun á grunnlífeyri og og frítekjumarki í júlí 2006 gerir það að verkum að 0-mark grunnlífeyris hækkar og “250þús” einstaklingurinn öðlast rétt til grunnlífeyris og fær því tekjurtryggingu (“dettur inn á krónunni”).



* Reiknað er með því að tekjur lífeyrisþega séu 0, 50.000, 100.000, 150.000, 200.000 eða 250.000 á mánuði.

**Greiðslur frá TR taka til grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Árið 2006 þó einnig til tekjutryggingarauka og sérstöku uppbótarinnar sem verða hluti tekjutryggingar við fyrirhugaðar breytingar 2007. Til einföldunar er aldurstengd örorkuuppbót ekki inn í tölunum en hún ræðst af aldri örorkuþega við mat.

*** 2006 kemur tvisvar fyrir á gröfunum. Fyrra ártalið á við tímabilið jan.-júní, síðara ártalið á við tímabilið júlí-des.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/652
komudagur 15.12.2006

Alþingi
Heilbrigðis- og tryggingarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2006

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra, þskj. 353 - 330. mál. .

Við er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 15. nóvember sl., þar sem fram kemur beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Beiðist er velvirðingar á þeirri seinkun sem orðið hefur á svári til nefndarinnar sem rekja má til mikill anna á skrifstofu Velferðarsviðs.


Ofangreint frumvarp mun vera samið í framhaldi af tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra til þess annars vegar að fjalla um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilishjúkrunar og hins vegar að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar. Tillögur nefndarinnar eru m.a. að hækka lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, fækka bótaflokkum og einfalda lífeyristryggingakerfið. Þá segir í tillögum nefndarinnar að draga skuli úr áhrifum tekna maka og skerðingarhlutföll vegna annarra tekna verði lækkuð. Ennfremur að fjárhæð vasapeninga verði hækkuð, sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku ellilífeyris.

Telja verður að íslenskt samfélag og atvinnulíf fari mjög á mis við fullfrískt og reynslumikið fólk, eldri borgara, sem sér sér ekki hag í að vera lengur á vinnumarkaðnum vegna skerðingar tekjurtryggingar. Stuðla verður að því að auka atvinnuþátttöku eldra fólks sem hefur afar jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og á einstaklingana sjálfa.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur afar áriðandi að ríkisvaldið hækki ráðstöfunarfé (vasapeninga) við dvöl á stofnun. Ljóst er að í mörgum tilfellum duga vasapeningarnir ekki svo að vistmenn geti keypt sér fatnað. Að undanfögnu hefur á því borið að einstaklingar sem eingöngu hafa vasapeninga sér til framfærslu hafi sótt um fatastyrk til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar þar sem engir fjármunir hafa verið aflögu af vasapeningum viðkomandi til að kaupa sér klæði. Það er nauðsynlegt að stuðla að fjárhagslegu sjálfstæði og reisu vistranna með því að hækka ráðstöfunarfé (vasapeninga) þeirra.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar öllum réttarbótum til handa öldruðum og öryrkjum og fötluðum. Í fyrrgreindu frumvarpi eru stigin skref í átt að auknum réttindum og fjárhagslegu sjálfstæði öryrkja og aldraðra og allri lagasetningu sem miðar að bættum hag aldraðra og öryrkja ber að fagna.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Guðmundur S. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent: Stjórnsýslu- og starfsmannsvið
Reykjavíkurborgar.

Málefni aldraðra
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2006

Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330. mál.

Frumvarp þetta er afrakstur vinnu nefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara og er um margt til bóta.


Landssamtökin Þroskahjálp fagna ákvörðunum um hækkun lífeyris og vasapeninga, lækkun skerðingarmarkna og sameiningu bótaflokka.

Samtökin telja hinsvegar að hér sé um að ræða lágmarksaðgerð sem verði að fylgja eftir með heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins og stórhækkun bóta.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til slíks samstarfs.

Virðingarfyllt
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Gerður A. Árnadóttir, formaður


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/570
komudagur 4.12.2006

1. des 2006 EÁ

Tillögur að texta í lagafrumvarpi vegna frítekjumarks fyrir öryrkja.

Tillaga frá Sigurði Grétarssyni á TR uppskrifuð af E.Á.

Ef eigin tekjur öryrkja af atvinnu eru 300.000 krónur á mánuði eða lægri koma þær ekki til skerðingar á tekjutryggingu. Séu eign atvinnutekjur hærri en 300.000 krónur á ári skuli draga frá þeim 300.000 krónur á ári eða 40% af eigin atvinnutekjum og gildir þá sú tala sem hærri er.

Eða eins og í þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar:

Í lið 2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega lífeyrisþega verði.....Öryrkjar hafi val um þetta frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu myndi þetta valda því að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) hækkuðu til þeirra öryrkja sem hefðu atvinnutekjur allt að 62.500 krónum á mánuði eða 750.000 krónum á ári. Fyrir ofan þessar tekjur myndi eldri reglan gilda.

Sá sem aflaði sér nákvæmlega 300.000 króna í eigin atvinnutekjur myndi hagnast mest á þessari viðbót því greiðslur hans frá almannatryggingum myndu hækka um 5.993 krónur á mánuði fyrir tekjuskatt.

Í raun yrði þá skerðingarhlutfallið 0% fyrir þann sem aflaði sér 25.000 króna á mánuði í atvinnutekjur eða 300.000 króna á ári. Sá sem aflaði 300- 750.000 króna á ári fengi skerðingu á tekjutryggingu upp á 39,95%. Sá sem hefði atvinnutekjur yfir þetta hefði tæp 24% í skerðingarhlutfall tekjutryggingar. (60% af 39,95% sem gerir 23,97%).

Sigurður benti einnig á aðra tillögu sem væri einföld í skilningi að hans mati en kostaði meiri útgjöld fyrir TR og kæmi sér betur fyrir fleiri örorkulífeyrisþega.

Í því tilfelli myndi skerðingarhlutfallið vera 0 fyrir eigin atvinnutekjur allt að 300.000 krónum á ári eins og áður, en fyrir tekjur umfram það yrði hlutfallið tæp 24%. Þannig yrði ekki um þennan millikafla að ræða þar sem skerðingarhlutfall yrði 39,95% eins og greint er frá hér að ofan (þegar eigin atvinnutekjur eru 300-750 þúsund krónur á ári).

Til að þetta væri gæti greinin hljóðað svo:

Frá eigin tekjum af atvinnu dragast 300.000 krónur á ári. Standi þá eitthvað eftir gildir eldri reglan um að aðeins reiknist 60% eigin atvinnutekna til skerðingar.

Mismunur á 300.000 króna frítekjumarki vegna eigin atvinnutekna og á núverandi 60% reglu fyrir öryrkja. Byr ekki einn. Ekki aldurstengd ororka.

I	II	III	
Atvinnutekjur kr á mánuði	Grunni tekjutr(79.674) 60% vægi atvinnutekna	Grunni tekjutr(79.674) 25.000 kr í frítekjumark á mán	Mism Kr.
-	104.505	104.505	-
10.000	102.108	104.505	2.397
20.000	99.711	104.505	4.794
40.000	94.917	98.513	3.596
60.000	90.123	90.523	400
80.000	85.329	82.533	- 2.797
100.000	80.535	74.543	- 5.993
120.000	75.741	66.553	- 9.189
140.000	70.947	58.563	- 12.385
160.000	66.153	50.573	- 15.581
180.000	58.769	39.992	- 18.777

Tekjutrygging ororkulfeyrisþega er 79.674 frá 1.jan 2007 miðað við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Skerðingarhiutfall er 39,95%. Frítekjumark upp á 300.000 kr á ári gera 25.000 kr á mánuði.

Sá sem hefur 62.500 krónur á mánuði (750.000 kr á ári) eða minna í atvinnutekjur hagnast á því að fá 300.000 kr frítekjumark á ári, en ef tekjur hans eru hærri en þetta er betra að hafa 60% vægi atvinnutekna eins og nú er.



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2006

Efni: Athugasemdir ÖBÍ við frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330 mál

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er byggt á vinnu sem til var stofnað með Landssambandi eidri borgara af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Þar sem um er að ræða tillögur til ýmissa breytinga á gildandi lögum um almannatryggingar varðar þetta einnig að verulegu leiti öryrkja. Öryrkjabandalag Íslands telur margt jákvætt við frumvarpið og þá helst þau markmið laganefndarinnar sem liggja að baki því. Þau er að finna í athugasemdum með frumvarpinu:

- Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði hækkaðar.
- Bótaflokkum verði fækkað og lífeyristryggingakerfið þar með einfaldað.
- Dregið verði úr áhrifum tekna maka.
- Fjárhæð vasapeninga verði hækkuð.
- Heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun töku ellilífeyris.
- Sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Það fjármagn sem nú gangi til reksturs stofnana úr framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Undir þetta allt getur ÖBÍ tekið. Með frumvarpinu nást þessi markmið þó aðeins að hluta til og á of löngu tímabili.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur lífeyrisþegans og að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og makans skiptast til helminga en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu, samkvæmt frumvarpinu, hlutföllin vera 80% hjá lífeyrisþeganum og 20% hjá makanum. Þetta telur ÖBÍ ekki viðunandi. Með því að flýta gildistöku 300.000 króna frítekjumarks ellilífeyrisþega um þrjú ár hefur verið gefið jákvætt fordæmi og mælir ÖBÍ eindregið með því að skilið verði að fullu á milli tekna lífeyrisþega og maka frá 1. janúar 2007

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslur úr séreignarlífeyrisþega og viðbótartryggingavernd, hafi með sama hætti og greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum ekki áhrif á útreikning elli og örorkulífeyris. ÖBÍ fagnar þessari breytingu.

Gert er ráð fyrir lítilli hækkun á lífeyri almannatrygginga og miðað við verðlags- og launþróun síðustu mánuði er full nauðsyn til að endurskoða fyrirhugaða hækkun þann 1. janúar. 2007. ÖBÍ leggur til að auk þeirrar krónutöluhækkunnar sem fyrirhuguð er í tengslum við sameiningu tekjutryggingar og tekjutryggingarauka í einn greiðsluflokk, verði upphæð grunnlífeyris tvöfölduð, úr 24.131 krónur í 48.262 krónur. Einnig bendir ÖBÍ á að samkvæmt sameiginlegum tillögum Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar þá skuli almannatryggingakerfið einfaldað þannig að bótaflokkum verði fækkað niður í tvo sem skiptast í grunnlaun og tekjutryggingu og sé miðað við að upphæð úr hvorum flokki sé jafnhá. Þá er í sameiginlegum tillögum gert ráð fyrir að grunnlaunin verði ótekjutengd með öllu. Sú einföldun sem næst með þessu frumvarpi til laga um almannatryggingar er mjög takmörkuð og ófullnægjandi að áliti ÖBÍ.


Þörf er á grundvallaruppstokkun almannatryggingakerfisins þar sem núverandi kerfi er ýtt til hliðar og tekið upp nýtt fyrirkomulag með einföldun, gegnsæi, afkomutryggingu og hvata til samfélagslegrar þátttöku að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ



Sigursteinn Másson

formaður

Hafdís Gísladóttir


framkvæmdastjóri